

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í reglubundið dýravelferðar- og smitvarnaeftirlit sem og reglubundið sjóneftirlit hjá Háafelli þann 26. ágúst 2026.

Siglt var með gæðastjóra og svæðisstjóra á léttabát út á eldissvæðið Ytra Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi og hittum þar áhöfn Vals. Eftirlitsmenn fylgdust þar með daglegum störfum er fólust í því að tæma dauðfisk úr eldiskvíum, dæla ferskvatni í kvíar og handháfa sveimara.

Næsta eftirlit verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar.

Engar athugasemdir gerðar.

Viðstödd heimsókn Háafell ehf.
Kennitala viðtakenda 520199-3149
Skoðunarmaður Magnús Ingi Jónsson
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 30 mín.
Frágangur 30 mín.
Tímar við úttekt 2 klst. og 30 mín.
Akstur 2 klst.

Niðurlag

Þann 26/08/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 31/08/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 0 skoðunaratriði, þar af 0 alvarlegt frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Dýravelferð- og smitvarnir: 15 af 16 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|-------------------------|--|--------------------------------------|
| • Verklagsreglur | • Merkingar (cat2/cat3) | • Meltuvinnsla |
| • Heilbrigði fiska | • Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra ... | • Búningsaðstaða og fatnaður |
| • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát | • Þrif um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í pramma | • Fóðurgeymsla | • Dagbókarfærslur |
| • Dauðfiskaskráning | • Viðbragðsáætlanir | • Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Lyfjablandað fóður